

Við stefnum á „Núllið“

Stefna BM Vallá á kolefnishlutlausa Steinsteypu

Þorsteinn Víglundsson

Við stefnum á núllið

Markmið um kolefnishlutleysi í starfseminni árið 2030 kallar á markvissa vörupróun og nýsköpun ásamt breytingum á verkferlum og metnaðarfullum mótvægisáðgerðum svo hægt verði að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í öllu sem við kemur framleiðslu BM Vallár.


Helsti sementsframleiðandi okkar, Norcem AS í Noregi, hefur sett sér sambærileg markmið um kolefnishlutleysi og hafa nú þegar verið kortlagðar áðgerðir sem nema um 60% af takmarkinu. Í því felst m.a. að bjóða upp á nýjar sementstegundir, kolsýring á steypu, föngun og niðurdæling/binding koldíoxíðs úr framleiðslu á sementi, ásamt bættri orkunýtingu.

Umhverfissvænni steypa forgangsmál

Sementshlutinn er um 85-90% af heildarlosun CO₂ í starfsemi BM Vallár og er það því forgangsmál að bjóða fram nýjar tegundir steypu sem eru með umhverfissvænna sementi. Nú þegar getur fyrirtækið boðið viðskiptavinum sínum upp á steypu sem er með allt að 40% minna kolefnisspor.



KOLEFNISHLUTLAUS FRAMLÆIÐSLA 2030




Helsti árangur ársins í umhverfismálum



10% minni losun GHL

Við drógum úr losun gróðurhúsalofttegunda í starfseminni um **10%*** á árinu, eða 2.915 tCO₂. Þessum árangri náðum við með því að nota umhverfisvænna sement, auka endurnýtingarhlutfall og með þróun nýrra steypuuppskrifta.

*pr. framleiddan rúmmetra.



20% lægra kolefnisspor sements

Við lögðum höfuðáherslu á að auka notkun á umhverfisvænni sementsgerð. Árangurinn lét ekki á sér standa og gátum við boðið sement sem er með **20% lægra kolefnisspor** samanborið við hefðbundið hreint sement sem var notað eingöngu hjá fyrirtækinu árið áður.



40% minna kolefnisspor steypu

Við unnum markvisst að þróun og uppfærslum á steypuuppskriftum, samhliða ströngu gæðaeftirliti til að tryggja sömu gæði, ásamt því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Með nýjum steypuuppskriftum kynntum við til sögunnar steypu sem er með **40% minna kolefnisspor** heldur en hefðbundin steypa.



100% ábyrgð á losun steypunnar

Við tókum fulla ábyrgð á allri þeirri losun sem verður til á heimsvísu við framleiðslu og flutning þeirra hráefna sem notuð eru í steinsteypu, þrátt fyrir að losun frá sementsframleiðslunni telji ekki beint inn í losunarbókhaldið á landsvísu. Sement telur **85-90%** af heildarkolefnisspori hvers framleidds rúmmetra.

Meðaltalslosun dróst saman milli ára

Með því að nota umhverfisvænna sement náðum við að lækka losun koltvísýrings um 8,3% milli ára, eða sem nemur 27 kg í hverjum framleiddum rúmmetra af steypu. Auk þess jukum við endurnýtingarhlutfall á steypu um 7%.

Þetta köllum við 100% ábyrga mótvægisaðgerð og að axla ábyrgð á allri virðiskeðju sementsnotkunar í framleiðslunni.

	2020	2021	Breyting
Meðaltalslosun pr. einingu kgCO ₂ í/m ³	312*	285*	-8,3%*
Framleiðsluaukning milli ára			+20%*
Endurnýtingahlutfall á steypu	81%*	88%*	+7%*
Mótvægisaðgerð – m ³ endurnýtt / m ³ framleitt	2,85%*	4,5%*	+1,65%*
Með mótvægisaðgerð – sparað tCO ₂	-	2.915	

**Miðað við framleiddan m³ á steypu*

„Samdráttur í losun upp á 2.915 tCO₂ samsvarar losun frá 1.800 bílum* á ársgrundvelli.“



*Miðað við meðalfólksbíl, eknum 15.000 km á ári, og losun upp á 108 g/km. Samkvæmt viðmiði frá FÍB.

Orkusparnaður á árinu

Heildarorkunotkun (kWst) dróst saman um 22,5%*.

Orkunotkun (kWst) frá jarðefnaeldsneyti dróst saman um 13%*.

Heildarvatnsnotkun (m3) dróst saman um 18%* og var mesti samdrátturinn á heitu vatni.

*Miðað við orkunotkun pr. framleiddan rúmmetra.

„Heildarorkunotkun (kWst) dróst saman um 22,5%* árinu.“

Orkunotkun

Orkunotkun	Einingar	2020	2021
Heildarorkunotkun	kWst	21.368.737	20.773.809
Jarðefnaeldsneyti	kWst	11.111.883	12.123.419
Lífeldsneyti	kWst		21
Rafmagn	kWst	3.030.844	2.941.331
Hitaveita	kWst	7.226.010	5.709.039
Bein orkunotkun	kWst	11.111.883	12.123.440
Óbein orkunotkun	kWst	10.256.854	8.650.370

Hringrásartengd og umhverfisvæn samstarfsverkefni

Grænir verktakar

Samstarfsverkefnið grænir verktakar felur í sér sameiginlega ábyrgð í endurvinnslu umbúða. Verktakar skila umbúðum til BM Vallá sem afhendir Pure North umbúðirnar og sjá þau um endurvinnslu plastsins.

Endurvinnsluhlutfallið **jókst í 29%**, samanborið við 13% árið áður.

„Samstarfið hefur skilað 29% endurvinnsluhlutfalli.“



Hringrásarhús

Nýsköpunarverkefni sem BM Vallá, VSÓ ráðgjöf og s.ap.arkitektar hafa unnið að og miðar að því að þróa forsteyptar húseiningar úr umhverfisvænni steypu sem hægt er að taka í sundur og setja aftur saman.

Hugmyndin er að byggja og hanna fyrsta íslenska hringrásarhúsið sem hámarkar auðlindanýtingu og lágmarkar kolefnissporið.

Markmiðið er að **90% af byggingarefninu** verði endurnýjanlegt eða endurnotað.

